



Spáum 0,75 prósentustiga hækkun stýrivaxta í júní

Við spáum því að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hækki vexti bankans um 0,75 prósentustig í næstu viku. Gangi spá okkar eftir fara meginvextir bankans, sjö daga bundin innlán, úr 3,75% upp í 4,5% og verða jafnháir og þeir voru áður en peningastefnunefnd hóf að lækka vexti 2019.


Þegar við birtum þjóðhagsspána okkar í maí töldum við líklegast að stýrivextir yrði hækkaðir um 0,5 prósentustig í júní. Þróunin síðan gerir það að verkum að við teljum núna líklegt að nefndin taki stærri skref. Verðbólguhorfur hafa versnað, gögn um innlenda kortaveltu sýna að eftirspurnarþrýstingur er mikill og tölur hafa birst sem sýndu mikinn hagvöxt á fyrsta ársfjórðungi.

Við teljum líklegt að nefndin muni ræða 0,5-1,0 prósentustiga hækkun vaxta, en á síðasta fundi var rætt um 0,75-1,0 prósentustiga hækkun. Nefndin var þá einróma í þeirri ákvörðun að hækka vextina um 1,0 prósentustig og gaf jafnframt til kynna að vextir yrðu einnig hækkaðir næst. Að þessu sinni teljum við líklegast að hækkun um 0,75 prósentustig verði niðurstaðan, sem er vissulega stórt skref þó það sé ekki jafn stórt og síðast.

Versnandi verðbólguhorfur


Heimsmarkaðsverð á hrávörum hefur hækkað og verðbólgutölur í helstu hagkerfum heims hafa verið yfir væntingum. Meðal annars mældist 8,6% verðbólga í Bandaríkjunum í maí sem var nokkuð yfir væntingum. Á sama tíma hefur lítið gerst sem bendir til að það sé byrjað að hægja á fasteignamarkaði hér á landi. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 2,7% milli mánaða í apríl. Í nýjustu verðbólguþá okkar gerum við ráð fyrir að [verðbólgan verði 8,7% í júní](#), en hún mældist 7,6% í maí. Versnandi verðbólguhorfur styðja við ákvörðun um að hækka þurfi stýrivexti aftur.

Meginvextir Sí



Heimild: Macrobond

Verðbólga ásamt framlagi helstu undirliða



Júní 2022 til september 2022 er spá Hagfræðideildar
Heimild: Macrobond, Hagfræðideild Landsbankans



Meiri spenna en nefndin gerði ráð fyrir í maí


Frá síðasta fundi nefndarinnar hefur Hagstofan birt þjóðhagsreikninga fyrir 1. ársfjórðung og Seðlabankinn birt tölur um greiðslukortaveltu í apríl og í maí. Hagvöxtur mældist 8,6% á fyrsta ársfjórðungi, þar af jukust þjóðarútgjöld um 11,2% og einkaneysla um 8,8%. Velta innlendra greiðslukorta jókst síðan um 25% milli ára að raunvirði í apríl og 16,5% í maí. Eftirspurnin er því mikil í hagkerfinu sem skapar þrýsting á verðlag.

Til samanburðar þá gerði spáin sem nefndin hafði til hliðsjónar á maífundum sínum ráð fyrir 4,6% hagvexti í ár, þar af 3,5% aukningu í þjóðarútgjöldum og 3,1% aukningu í einkaneyslu. Þessar tölur benda sterklega til þess að mun meiri spenna sé í hagkerfinu en nefndin gerði ráð fyrir í maí. Við teljum nokkuð öruggt að nefndin muni komast að þeirri niðurstöðu að hækka þurfi vexti og það mögulega meira en áður var talið. Þar með teljum við nú meiri líkur á 0,75 en 0,5 prósentustiga hækkun, líkt og við töldum í maí.


Neikvæðir raunstyrivextir

Hvort sem horft er til liðinnar verðbólgu, verðbólguálags á skuldabréfamarkaði eða niðurstöður úr könnunum á væntingum heimila og fyrirtækja þá eru raunstyrivextir enn neikvæðir og þar með er verið að hvetja hagkerfið áfram. Við teljum því nokkuð miklar líkur á að nefndin sjái sér fært að hækka vexti án þess að það kæli hagkerfið um of.

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Raunstyrivextir



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.